

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar b.s.

Ársreikningur 2016

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar b.s.
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

kt. 551298-2729

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félaginu er ætlað að vera leiðandi afl í uppbyggingu atvinnu og þróunar á Eyjafjarðarsvæðinu.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 10.480 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 2.782 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársverk á reikningsárinu voru 4.

Stjórn og framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 19/4 2017.

Í stjórn félagsins:

Munna Jónsson
Þórunn M. E.
Þórunn Sif Harðard.
Sigrún Þórunn Ólafsson
Bjarni Th. Bjarnason.

Framkvæmdastjóri:

Sigrundur E. Ólafsson.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðis skyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Mærkið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 10. 4 2017.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlög sveitarfélaga		34.069.842	33.304.044
Rekstrarframlög Byggðastofnunar		17.888.000	17.234.286
Styrkir vegna sérverkefna		0	1.500.000
Önnur framlög		2.375.000	3.375.000
Seld þjónusta		0	700.000
Aðrar tekjur		59.601	767.000
		<u>54.392.443</u>	<u>56.880.330</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	45.973.941	36.644.694
Verkefni og þjónusta		1.319.149	1.005.679
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		13.357.185	9.792.144
Gjöld vegna svæðisskipulags		45.800	0
Annar rekstrarkostnaður		4.177.063	5.741.583
Afskriftir	4	190.589	204.832
		<u>65.063.727</u>	<u>53.388.932</u>
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(10.671.284)	3.491.398
Vaxtatekjur		233.927	178.489
Vaxtagjöld		(42.295)	(13.486)
Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum		0	(750.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		191.632	(584.997)
Rekstrarniðurstaða ársins	6	(10.479.652)	2.906.401

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	0	190.589
Eignarhlutir í öðrum félögum	5	750.000	750.000
Fastafjármunir samtals		750.000	940.589
Óinnheimtar tekjur		251.000	4.064.144
Krafa á Vaxey		0	804.644
Aðrar skammtímakröfur		625.514	578.235
Handbært fé		11.305.542	13.649.253
Veltufjármunir samtals		12.182.056	19.096.276
Eignir samtals		12.932.056	20.036.865
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		2.782.048	13.261.700
Eigið fé samtals	6	2.782.048	13.261.700
Skammtímaskuldir			
Skuld við uppbyggingarsjóð		660.296	0
Aðrar skammtímaskuldir		9.489.712	6.775.165
Skuldir samtals		10.150.008	6.775.165
Eigið fé og skuldir samtals		12.932.056	20.036.865

Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	6	(10.479.652)	2.906.401
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	190.589	204.832
Niðurfærsla eignarhluta		0	750.000
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri		(10.289.063)	3.861.233
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, lækkun		3.813.144	1.609.058
Skammtímaskuldir, hækkun		2.714.547	468.755
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		6.527.691	2.077.813
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		(3.761.372)	5.939.046
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum		0	(500.000)
Skammtímakröfur, breyting		757.365	227.318
Fjárfestingarhreyfingar		757.365	(272.682)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		660.296	0
Fjármögnunarhreyfingar		660.296	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(2.343.711)	5.666.364
Handbært fé í ársbyrjun		13.649.253	7.982.889
Handbært fé í árslok		11.305.542	13.649.253

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlaun tekna

Félagið er að stærstum hluta fjármagnað með framlögum aðildarsveitarfélaga og eru framlögin miðuð við íbúatölu þeirra 1. janúar 2016. Félagið fær fast framlag frá Byggðastofnun og einnig styrki til atvinnuþróunarverkefna á starfssvæði sínu samkvæmt samningum við Byggðastofnun.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími innréttinga, áhalda og tækja er þrjú til fimm ár.

c. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum um 1,0 millj. kr., niðurfærsla á árinu 2016 nam 0,1 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

d. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	2015
Laun	37.152.326	31.117.668
Launatengd gjöld	9.589.014	7.650.244
Endurgreiðslur	(767.399)	(2.123.218)
Laun og launatengd gjöld samtals	45.973.941	36.644.694
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	4	4

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 16,6 millj. kr. á árinu en námu 12,7 millj. kr. á árinu 2015.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Innréttingar áhöld og tæki
Heildarverð 1.1.2016	1.169.962
Afskrifað samtals	(979.373)
Bókfært verð 1.1.2016	190.589
Afskriftir á árinu	(190.589)
Bókfært verð 31.12.2016	0
Heildarverð 31.12.2016	1.169.962
Afskrifað samtals	(1.169.962)
Bókfært verð 31.12.2016	0
Afskriftahlutföll	20 - 33%

Skýringar, frh.:

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinst þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Dysnes Þróunarfélag ehf.	20,00%	1.000.000	1.000.000
GáF ehf.	50,00%	5.650.000	500.000
Þekkingarvörður ehf.	0,45%	157.000	157.000
			<u>1.657.000</u>
Niðurfærsla eignarhluta			(907.000)
Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok			<u>750.000</u>

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2016	13.261.700
Rekstrarniðurstaða ársins	(10.479.652)
Eigið fé 31.12.2016	<u>2.782.048</u>

7. Önnur mál

Félagið hefur tekið á leigu aðstöðu að Hafnarstræti 91 á Akureyri fyrir starfsemi sína. Í ágúst 2016 var undirritaður tímabundinn leigusamningur um fasteignina sem gildir til 30. september 2021. Leigugreiðslur vegna þessa samnings eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs og nemur árleg leiga 2.533 þús. kr. á verðlagi í janúar 2017.

Í gildi er samningur milli Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðabróun. Samningurinn gildir til 31. desember 2017.